

SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNÆÐ

1 Upplýsingar um umsækjanda

Nafn réttihafa:	_____	Kennitala:	_____
Heimilisfang:	_____	Heimasími:	_____
Póstnúmer:	_____	Staður:	_____
Netfang:	_____	Farsími:	_____
Vinnuveitandi:	_____	Vinnusími:	_____
Vinnuveitandi:	_____	Kennitala:	_____
Heimilisfang:	_____	Heimasími:	_____
Póstnúmer:	_____	Staður:	_____
Netfang:	_____	Farsími:	_____
	_____	Vinnusími:	_____

Ofangreindur réttihafi og Stafir lífeyrissjóður, kt. 430269-0389, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík gera með sér eftirfarandi samning um aðild réttihafans að séreignardeild Stafa lífeyrissjóðs.

2 Innborgun

Réttihafi skuldbindur sig til að greiða mánaðarlega inn í séreignardeild sjóðsins sem hér segir:

_____ % af heildarjánhæð greiddra launa. *

* Algengast er að greiða 2 - 4 % af heildarjánhæð greiddra launa til að eiga rétt á 2 % mótframlagi frá vinnuveitanda

3 Fjárfesting

Réttihafi óskar eftir að inneign hans samkvæmt samningi þessum verði ávöxtuð með eftirfarandi hætti.

Sé óskað ávöxtunar eftir fleiri en einni leið, setjið þá vinsamlegast kross í viðkomandi kassa og tilgreinið vægi leiðarinnar fyrir aftan texta.

Leið 1: *Verðtryggður innlánsreikningur með vöxtum* ____%

Leið 2: *Verðtryggð skuldabréf* ____%

Leið 3: *Hlutabréf og verðtryggð skuldabréf* ____%

Vinsamlegast nálgist leiðbeiningar varðandi val á leiðum hjá Stöfum í síma 569-3000 eða á heimasíðu sjóðsins á slóðinni www.stafir.is/sjodfelagar/lifeyrisrettindi/avoxtnarleidir/

4 Aðrir samningsskilmálar

- 4.1 Greiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samningur er gerður.
- 4.2 Réttihafa er skylt að sýna Stöfum lífeyrissjóði fram á að hann greiði á hverjum tíma iðgjald til lágmarks-trygginga-verndar auk iðgjalds skv. þessum samningi.
- 4.3 Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds, þó ekki fyrr en réttihafi

hefur fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna sem tilgreind eru í 4.3.1-4.3.3.

4.3.1 Þegar réttthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem réttthafa vantar upp á 67 ára aldur.

4.3.2 Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

4.3.3 Deyi réttthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfða-laga. Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát réttthafa skal hlutur þess greiddur út á fimm árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfn-um greiðslum á sjö ár eða á þann tíma sem makann vantar á 67 ára aldur við andlát réttthafa. Láti réttthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

4.4 Sé inneign réttthafa minni en 500.000 krónur á hann rétt til útborgunar á skemmri tíma en greint er í töluáritum 4.3.1-4.3.3 eða með eingreiðslu ef hann óskar þess. Fjárhæðin breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunn-vísitölu 173,5 stig.

4.5 Réttthafa er heimilt að ráðstafa innstæðu sinni og flytja réttindi sín til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem uppfyllir lagaskilyrði til að bjóða upp á samninga af þessu tagi. Réttthafi greiðir allt að einu prósentu af inneign sinni í kostnað vegna flutnings- og gjaldskrá vörsluaðila.

4.6 Réttthafa er heimilt að flytja innstæðu sína milli vörsluaðila, sbr. gr. 4.5, en að öðru leyti er óheimilt að framselja, veð-setja eða ráðstafa til þriðja aðila innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi þessum. Ekki verður gerð aðför í réttind-um samkvæmt samningi þessum og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða þessi réttindi á nokkurn hátt. Flutningur á inneign getur tekið allt að 3 mánuði og kostnaður við flutning getur numið allt að 1% af inneign sjóðsfélaga.

4.7 Samningur þessi er ótímabundinn en uppsegjanlegur af hálfu aðila með sex mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast upphaf uppsagnarfrestsins við afhendingu tilkynningar.

4.8 Samningur þessi er byggður á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglu-gerð nr. 698/1998 sem sett er með stöð í lögum. Samningurinn hefur hlotið staðfestingu fjármálaráðherra í samræmi við 10. gr. laga nr. 129/1997.

4.9 Lífeyrissjóðurinn annast innheimtu iðgjalda samkvæmt samningi þessum með sambærilegum hætti og hann innheimtir iðgjöld til lágmarkstryggingarverndar. Áskilur lífeyrissjóðurinn sér rétt til að bakfæra iðgjöld sem skráð hafa verið en ekki tekst að innheimta vegna gjaldþrots vinnuveitanda eða af öðrum ástæðum.

4.10 Tilkynning um breytingu á mótframlagi launagreiðanda er á ábyrgð réttthafa.

5 Undirskrift

Undirritaðir staðfesta hér með framangreindan samning um séreignarlífeyrissparnað. Samningurinn er gerður samkvæmt heimild í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og gilda þau lög ásamt reglugerð nr. 698/1998 um réttarsamband aðila auk þeirra skilmála sem fram koma hér að ofan.

Staður og dagsetning

Réttthafi

F.h. Stafa lífeyrissjóðs